



# Hagsmunatrygging fyrir fiskiskip

Skilmáli nr. MM40

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

## Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. MM40.
- Skilmáli fiskiskipatryggingar nr. MM30
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

**Hagsmunatrygging** er fyrir þær útgerðir sem eru með fiskiskipatryggingu hjá VÍS. Tryggingunni er ætlað að taka á hagsmunum útgerðar við missi á skipi í altjóni.

**Skilmáli** segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.  
**Skírteini** staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

## 1. Almennt um trygginguna

- 1.1 Tryggingin er viðbót við fiskiskipatryggingu. Það er því skilyrði bótaskyldu úr tryggingunni að fyrir hendi sé hjá VÍS fiskiskipatrygging sem bætir altjón á tryggðu skipi.
- 1.2 Um trygginguna gilda einnig skilmálar fiskiskipatryggingar MM30 eftir því sem við á.

## 2. Hvað er tryggt?

- 2.1 Tryggingin tekur til þeirra hagsmuna tryggðs sem bundnir eru við útgerð skips þess sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

## 3. Hver er tryggður?

- 3.1 Eigandi skips er tryggður.

## 4. Hvað bætir tryggingin?

- 4.1 Tryggingin bætir beint og óbeint fjárhagslegt tjón sem tryggingartaki kann að verða fyrir vegna þess að tryggt skip verður fyrir altjóni samkvæmt skilmálum fiskiskipatryggingar.

## 5. Bundið tryggingarverð

- 5.1 Í byrjun hvers tryggingartímabils skulu VÍS og tryggingartaki koma sér saman um tryggingarverð. Það samkomulag er bindandi fyrir VÍS nema tryggingartaki hafi gefið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um atvik sem höfðu þýðingu fyrir verðákvörðunina.<sup>1</sup>
- 5.2 Hagsmunir þeir sem tryggðir eru geta að hámarki numið 20% af bundnu tryggingarverði fiskiskipatryggingar tryggðs skips.
- 5.3 Bundið tryggingarverð kemur fram í skírteini tryggingarinnar sem tryggingarfjárhæð.

## 6. Verð

- 6.1 Verð tryggingarinnar er reiknað út frá notkun, gerð og bundnu tryggingarverði.

## 7. Ákvörðun bóta

- 7.1 VÍS greiðir bætur þegar tryggt skip hefur orðið fyrir altjóni sem er bótaskyldt úr fiskiskipatryggingu. Hagsmunatjón tryggða er bætt með því að greiða bundið tryggingarverð eins og það er tilgreint í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavinum en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.

<sup>1</sup> Sbr. 36. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.